

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði þriðjudaginn 6. sept. 2016, kl. 17:30. Fundur nr. 763.

Mætt eru: Björgvin, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður og Þorsteinn. Forföll boðuðu: Bjarnveig, Sigurður og Elvar.

- 1) Þorsteinn setti fund kl. 17:37.
- 2) Fundargerð nr. 761 og 762 samþykktar með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
  - a) Bréf dagsett 15. ágúst. Frá BLÍ: Þingboð á Ársping BLÍ haldið í Reykjavík 16. september 2016. Lagt fram til kynningar. Bréfið hefur verið áframsent til Blakfélagsins Rima.
  - b) Bréf dagsett 29. ágúst. Frá ÍSÍ: Íþróttasjóður, umsóknarfrestur til 1. okt. Lagt fram til kynningar. Bréfið hefur verið áframsent til aðildarfélaga og stjórnar UMSE.
  - c) Bréf dagsett 31. ágúst. Frá ÍSÍ: Spurningakönnun. Lagt fram til kynningar. Framkvæmdarstjóri hefur þegar svarað spurningakönnuninni fyrir hönd UMSE.
  - d) Bréf dagsett 1. sept. Frá BLÍ: Kjörbréf. Lagt fram til kynningar. UMSE á tvo fulltrúa á Árspingi BLÍ.
  - e) Bréf dagsett 1. sept. Frá BLÍ: Þinggögn. Lagt fram til kynningar.
  - f) Bréf dagsett 5. sept. Frá ÍSÍ: Samfélagsmiðlar ÍSÍ lagt fram til kynningar. Björgvin lagði til að hlekkir á samfélagsmiðla ÍSÍ væru virkir á heimasíðu UMSE. Vel var tekið í þá hugmynd og mun framkvæmastjóri skoða hvort og hvernig það yrði framkvæmt.
- 4) Forvarnar- og fræðslustefna UMSE.

Fundarmenn fóru yfir drög að forvarna og fræðslustefnu UMSE, gerðar voru athugasemdir við einstaka liði. Sérstaklega var farið yfir viðbótarkafla um einelti, orðalag og framsetningu. Þegar fundarmenn höfðu komist að niðurstöðu var samþykkt að framkvæmdastjóri myndi senda ÍSÍ stefnuna til yfirlestrar.
- 5) Varðveisla sögulegragagna.

Þorsteinn upplýsti að ekki hefði náðst í Guðmundur Steindórsson vegna skráningar og frágangs á sögu UMSE en hann hefur tekið verkið að sér. Framkvæmdastjóri sagði frá hagstæðu verðtilboði sem UMSE hefur fengið frá Blindravinafélaginu vegna vinnslu á ljósmyndum yfir á stafrænt form. Stjórn UMSE samþykkti að framkvæmdastjóri héldi áfram vinnu við verkefnið.
- 6) 40. sambandsráðsfundur UMFÍ verður haldinn að Laugum í Sælingsdal 14. – 15. október. Bjarnveig mun mæta á samráðsfund UMFÍ fyrir hönd UMSE.
- 7) Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina.
  - a) 29 keppendur frá UMSE tóku þátt stóðu sig mjög vel, keppt var í fjallahjólreiðum, frjálsíþróttum, knattspyrnu, körfuknattleik, golfi, glímu, sundi og skák.
  - b) Mótið var í alla staði til mikillar fyrirmyndar, það sama má segja um keppendur UMSE og aðstandendur.
  - c) Um 90 manns sóttu velheppnaða grillveislu sem UMSE stóð fyrir.
- 8) Önnur mál.
  - a) Sigrún sagði frá því að búið er að panta jólahlaðborð á Siglóhótel laugardaginn 26 nóvember.
  - b) Rætt um starfsemi UMSE, nefndarstörf, skipulag almennt og voru ýmsar hugmyndir ræddar.
  - c) Framkvæmdastjóri kom með þá hugmynd að UMSE kaupi talstöðvar til notkunar á viðburðum á vegum sambandsins. Fundarmenn samþykktu að fela Þorsteini að skoða talstöðvarmál UMSE,

en Björgvin benti á að Skíðafélag Dalvíkur ætti öflugar talstöðvar sem ekki væru í notkun nema takmarkaðan hluta úr ári.

- 9) Fundartími stjórnar í haust. Frestað til næsta fundar.
- 10) Næsti fundur ákveðinn 4. október kl 17:30.
- 11) Fundi slitið kl 20:08.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---